

Vika 8 - vorönn

Lota 5 - VINÁTTA

Orðræða: Við erum vinir, vinaskóli, vinur, vinkona, kæri vinur/vinkona

Lotulykill 3: Nálægð

Orðaforðalisti: Tími

Lubbi: Áá

Lotumynd: Vinamynd

Strik fyrir strik: Byggingar - yngri bls. 56, eldri bls. 140-143

Litla Sól: **Unnið með frásögn** bls. 71-76

Sól: **Unnið með málskilning** bls. 103-114

Söngvar: Við erum vinir



(Fljúga hvítu fiðrildin)

Á, á, hrópar Ási Sig,

á, á, þvílíkt bjástur.

Á, á, á, ég meiddi mig,

má ég þá fá plástur?

Kennslutilhögun og dagskipulag

Setja orð á athafnir: „Núna ætlum við að ...“ „Á eftir ætlum við að...“ Kennarar nýta sér að segja nákvæmlega hvað er verið að fara að gera. Útskýra vel og jafnvel sýna myndrænt

Samvera: Syngja lög um daga og mánuði, fara með þulur

Við matarborðið: Ræða um hvaða dagur er í dag. Hvenær áttu afmæli? Hvað gerðir þú í gær? Hvað ætlar þú að gera eftir leikskóla eða í helgarfríinu?

Í fataherbergi: : Ræða við börnin um hvaða árstíð er. Er sumar, vetur, vor eða haust?

Fatnaður? Nú er vetur og þá þarf að fara í kuldagallann. En ef það væri sumar?

Í hópatímum: Fara yfir dagana, mánuðina, afmælisdaga. Er nótt eða dagur?

Orðaforðalisti MMS: Tími

Yngsti hópur: núna, á eftir, dagur, nótt,

Mið hópur: seinna, bráðum, á morgun, í gær, í dag, kvöld, mánudagur, þriðjudagur, miðvikudagur, fimmtudagur, föstudagur, laugardagur, sunnudagur, janúar, febrúar, mars, apríl, maí, júní, júlí, ágúst, september, október, nóvember, desember, sumar, vetur, vor, haust, jól, páskar, frí

Elsti hópur: áður, áðan, hádegi, fyrir hádegi, eftir hádegi, í fyrramálið, í fyrradag, í morgun, á morgun, í gærkvöldi, ekki á morgun heldur hinn, í næstu viku, helgi, í fyrsta skipti, í síðasta skipti, vika, ár, mánuður, árstíðir, áramót, gamlárskvöld, frímínútur, hálf tími, klukkutími, korter

Þjálfun hljóðkerfisvitundar

Yngsti hópur: Klappa atkvæði orða og ríma

Mið hópur: Klappa atkvæði orða, ríma, vinna með samsett orð

Elsti hópur: Klappa atkvæði orða, ríma, samsett orð, margræð orð, orðhlutaeyðing, hljóðgreining og hljóðtenging